



## Jafnréttis- og jafnlaunastefna á Íslandi 2024 til 2027

Þessi stefna er hluti af siðareglum fyrirtækisins:

- Fylgjum lögnum
- Hugsum vel um starfsfólk okkar
- Hugsum vel um meðlimi okkar
- Sýnum birgjum okkar virðingu

Jafnréttis- og jafnlaunastefnan er hluti af starfsmannasamningi okkar.

Allir starfsmenn skulu fá sömu laun og njóta jafnra kjara og réttinda fyrir sömu störf eða jafnverðmæt störf, svo að enginn kynbundinn launamunur sé innan fyrirtækisins.

Markmiðið er að útrýma kynbundnum launamun en þegar hann er fyrir hendi verður að skýra hann. Greining fer fram á ársgrundvelli og er endurskoðuð af óháðum aðila og er markmiðið ávallt að enginn munur sé til staðar, en síðasta úttekt (janúar 2024) leiddi í ljós:

- Kynbundinn launamunur að meðaltali án starfsflokunar 3,6% konum í hag
- Kynbundinn launamunur með starfsflokun 0,2% körlum í hag

### Ferli til að styðja við þessi markmið:

- Óháð úttekt er framkvæmd á þriggja ára fresti til að tryggja að við fylgjum löggjöfinni (BSI á Íslandi er skipaður vottunaraðili)
- Úttekt BSI á launum starfsmanna okkar með línulegri greiningu verður framkvæmd og niðurstöðurnar birtar á vefsíðu okkar og skýrslan verður kynnt fyrir öllum starfsmönnum okkar.
  - Skýrslan er unnin af launaþjónustuaðila okkar - Virtus og óháð úttekt er framkvæmd af BSI á úttektarfundum okkar á þriggja ára fresti
  - Farið er yfir niðurstöður skýrslunnar, úttekt BSI og launatengdar fyrirspurnir á árlegum launagreiningarfundum með verslunarstjóra, rekstrarstjóra, framkvæmdastjóra og starfsmannastjóra
- Ákveðinn launakvarði er til staðar sem byggir á hlutverkum starfsmanna innan fyrirtækisins og farið er eftir honum óháð kyni
  - Ef fyrirspurnir frá starfsmönnum eru á skrá yfir launatengdar fyrirspurnir er fjallað um þær á árlegum launagreiningarfundum með verslunarstjóra, rekstrarstjóra, starfsmannastjóra og framkvæmdastjóra
  - Árlegt mat fer fram og launagreining er hluti af því ferli - einstök laun eru endurskoðuð í samanburði við aðra starfsmenn í sama þrepi og skilgreinda launaflokka fyrir tiltekið starf
  - Mat er framkvæmt af næsta yfirmanni:
    - Almennir starfsmenn af yfirmanni
    - Yfirmenn af deildarstjóra
    - Deildarstjórar af stjórnanda með lyklavöld
    - Stjórnandi með lyklavöld af aðstoðarverslunarstjóra
    - Aðstoðarverslunarstjóri af verslunarstjóra
- Á fyrsta starfsdegi fá allir nýir starfsmenn kynningu og þjálfun (4 klst.) undir umsjón verslunarstjóra og skrifstofustjóra vöruhússins. Mannauðsstjóri í Bretlandi heldur utan um og gefur út allar stefnur og verkferla til notkunar á Íslandi
  - Velkomin til Costco
  - Saga Costco
  - Stefna um opin samskipti
  - Tilkynningar um laus störf
  - Innri vefur starfsmannasviðs
  - Stefna gegn áreitni

- Öryggisþjálfun
- Skýring á ferli vegna athugasemda um launataxta
- Umræða um skipulag og aðlögun fyrir jafnvægi milli vinnu og einkalífs
- Allir starfsmenn hafa aðgang að þjálfun fyrir öll störf innan fyrirtækisins ef þeir óska þess og öll laus störf eru auglýst innan fyrirtækisins:
  - Öll laus störf eru auglýst á innri vefsíðu starfsmannadeildar sem er í umsjá starfsmannateymis okkar í Bretlandi sem heyrir undir mannauðsstjóra
  - Öll laus störf eru aðgengileg öllum starfsmönnum og eru rædd á deildarfundum
    - Deildarfundir eru haldnir á 4 vikna fresti með yfirmanni og starfsmönnum þeirra
    - Verslunarstjóri heldur vikulega fundi með deildarstjórum þar sem rætt er um öll laus störf
      - Rætt er við alla umsækjendur og þeim veitt svör varðandi umsókn sína
      - Fyrir viðtalið er starfsmönnum ráðlagt að kynna sér starfslýsinguna í heild og tilgreina hvers kyns þjálfun sem þeir telja að komi að gagni
- Starfsnámskeið í boði fyrir alla starfsmenn sem þess óska
- Við gerð vinnuáætlana er tekið tillit til fjölskylduáðstæðna og umönnunar barna til að mæta þörfum starfsmanna og styðja jafnvægi milli vinnu og einkalífs
  - Allir starfsmenn geta óskað eftir vinnuáætlun sem hentar persónulegum áðstæðum þeirra hjá deildarstjóra hvenær sem er.
  - Vinnuáætlanir eru ekki gerðar meira en 3 vikur fram í tímann til að allir starfsmenn fái nægan fyrirvara til undirbúnings
  - Í ljósi opnunartíma vöruhússins og starfsemi sjö daga vikunnar eru margvísleg störf og vinnuáætlanir sem bjóða upp á sveigjanleika til að tryggja jafnvægi milli vinnu og einkalífs fyrir alla starfsmenn óháð kyni
  - Starfsmenn sem þurfa að fara snemma eða mæta seint af persónulegum ástæðum njóta stuðnings deildarstjóra, með þeim fyrirvara að rætt sé fyrirfram um slíkar breytingar við deildarstjóra þegar mögulegt er.
- Fundað er með öllum starfsmönnum sem snúa aftur til vinnu úr fæðingarorlofi áður en þeir hefja störf að nýju til að ræða tímaáætlun, verkefni og mögulegar breytingar til að aðstoða þá að viðhalda tekjum sínum og annast fjölskyldu sína.
  - Þessir fundir eru haldnir með deildarstjóra, en ef þörf er á hagræðingu vegna mögulegrar tilfærslu milli deilda til að styðja við breytingarnar, er fjallað um málið á vikulegum stjórnendafundi
  - Þannig er tryggt að allir deildarstjórar séu upplýstir og þar með færir um að styðja við starfsmenn sem snúa aftur til vinnu
- Árleg heildarendurskoðun stjórnenda varðandi laun/kaup og fundargerð birt innan vöruhússins, á vefsíðu Costco á Íslandi og innra neti starfsmannasviðs - starfsmannastjóri í Bretlandi heldur utan um skjölin en með fullri aðkomu verslunarstjóra, rekstrarstjóra og framkvæmdastjóra

Ennfremur leggur Costco bann við hvers konar ólögmætri áreitni og valdniðslu gagnvart starfsfólki sínu, umsækjendum eða sjálfstæðum verktökum. Kvartanir vegna ólögmætrar mismununar eða áreitni og eineltis skal tilkynna samkvæmt fyrirmælum hér að neðan. Í þeim tilvikum þar sem ásakanir eru staðfestar með rannsókn verður gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta, óháð því hvort óviðeigandi háttsemi telst brot á lögum. Enginn starfsmaður þarf að óttast afleiðingar þess að tilkynna atvik sem þeir telja í góðri trú að brjóti gegn stefnu fyrirtækisins eða falli undir ólögmæta mismunun, áreitni, einelti eða hefndaraðgerðir.

Stefna Costco hér eftir sem endranær er að starfsfólk geti notið starfsumhverfis án hvers konar ólögmætrar mismununar. Allar ákvarðanir varðandi umsóknarferli, ráðningar, stöðuhækkningar, úthlutun verkefna, þjálfun, uppsögn og starfslok og önnur starfskjör eru teknar með sanngjörnum og hlutlægum hætti án þess að beita beinni eða óbeinni mismunun á grundvelli kynþáttar, litarafts, þjóðernis, uppruna, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar eða tjáningar, kynleiðréttingar, trúarbragða eða lífsskoðana, aldurs, þungunar, barneigna, fötlunar, vinnutengdra meiðsla, herþjónustu, stjórn mála legra skoðana eða tjáningar, erfðaupplýsinga, hjúskapar- eða sambúðarstöðu eða annarra þátta sem verndaðir eru samkvæmt lögum gegn mismunun í starfi. Stöðuhækkningar eru veittar á grundvelli hæfni og getu.

Sérhver starfsmaður getur tilkynnt hvers konar mál hvenær sem er samkvæmt stefnu okkar um opin samskipti sem fjallað er um í starfsmannasamningnum. Með stefnunni um opin samskipti eru starfsmenn hvattir til að hafa samband við yfirmann/stjórnanda/forstöðumann eða framkvæmdastjóra innan fyrirtækisins, þar með talinn forstjóra alþjóðafyrirtækisins Costco Inc í höfuðstöðvum í Seattle. Verslunarstjóri bregst við

öllum tilkynningum með skjótum hætti í samráði við starfsmanninn eða yfirmanninn sem haft var samband við. Fjallað er um allar tilkynningar, án þess að tilgreina einstaklinginn, á vikulegum stjórnendafundi. Á 4ra vikna fresti funda allir verslunarstjórar frá Bretlandi og Íslandi þar sem farið er yfir allar athugasemdir sem berast samkvæmt stefnunni um opin samskipti eða gegnum rafræna tilkynningarúrræðið Ethicspoint, á stjórnarfundi sem haldinn er í Bretlandi og stýrt af framkvæmdastjóra frá Bretlandi/Íslandi.

Markmið	Framkvæmd	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja að hvers kyns kynbundin eða kynferðisleg áreitni eigi sér ekki stað á vinnustaðnum	Stefnan er hluti af starfsmannasamningi, birt á innra neti starfsmanna og liður í árlegri endurmenntun starfsmannasviðs	Verslunarstjóri	Apríl ár hvert
Viðbragðsáætlun við hvers kyns tilkynningu um kynbundna eða kynferðislega áreitni	Stefna um opin samskipti, meðferð kvörtunarmála og tilkynningar undir nafnleynd	Starfsmannastjóri	Árlega

Að öðrum kosti er boðið upp á tilkynningarúrræði undir nafnleynd sem kallast Ethicspoint og hægt er að nálgast á slóðinni [www.costco.ethicspoint.com](http://www.costco.ethicspoint.com)

Unnið og uppfært  
framkvæmdastjóri & starfsmannastjóri  
Sue Knowles  
19. apríl 2024

# Certificate of Registration

EQUAL PAY MANAGEMENT SYSTEM - ÍST 85:2012

This is to certify that:

Costco Wholesale Iceland ehf.  
Kauptúni 3  
210 Garðabær  
Iceland

Holds Certificate No:

**EQ 728368**

and operates a Equal Pay Management System which complies with the requirements of ÍST 85:2012 for the following scope:

The Equal Pay management system at Costco Wholesale Iceland ehf. including all employees.

For and on behalf of BSI:

Denelise L'Ecluse, Managing Director Assurance - Continental Europe

Original Registration Date: 2021-08-06

Effective Date: 2024-08-06

Latest Revision Date: 2024-06-10

Expiry Date: 2027-08-05

Page: 1 of 1



...making excellence a habit.™